


ATHAFNASVÆÐI Á ÞÓRSHÖFN SKIPULAGSLÝSING



Afmörkun skipulagssvæðis 4,8 ha (Loftmyndir ehf.)



Hluti þéttbýlisuppráttar Þórshafnar m.kv. 1:10.000
Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 (Teikn, 2013)

SKÝRINGAR
Landnotkunarflokkar aðalskipulags

	ATHAFNASVÆÐI		VÖTN, ÁR OG SJÓR
	IBÚÐARSVÆÐI		MÖRK ÞÉTTBÝLIS
	SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUFNANIR		TENGIBRAUT
	MIDSVÆÐI		SAFGATA
	OPIN SVÆÐI		ADALSTÍGAR
			GÖNGULEIDIR/ÚTIVISTARSTÍGAR



Deiliskipulag við Stórholt og Háholt (2005)
fellur úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags



Deiliskipulag athafnasvæðis við Langholt (2014)
skipulagið óðlaðist aldrei lögformlegt gildi

VIÐFANGSEFNI

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd Langanesbyggðar. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhuguðu deiliskipulagi athafnasvæðis á Þórshöfn og í henni koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

Markmið skipulagsvinnunnar er að setja fram heildstætt skipulag fyrir athafnasvæði Þórshafnar og skilmála um uppbyggingu til framtíðar. Helstu viðfangsefni verða skilgreining á lóðamörkum og afmörkun byggingarreita. Einnig verður gert grein fyrir gatnakerfi á svæðinu og nýrri götu við Langholt með lóðum fyrir atvinnuhúsnæði.

Skipulagssvæðið er athafnasvæðið á Holtinu norðan við byggðina á Þórshöfn. Svæðið er 4,8 ha raskað land og miða skipulagsmörk við aðalskipulagslínu. Langanesvegur afmarkar svæðið til vesturs, Langholt til suðurs en afmörkun til norðurs og austurs er óljós í landslagi. Land stendur 14-16 m.y.s. Innan skipulagssvæðisins eru tvær götur, Stórholt og Háholt, og við þær þónokkur atvinnuhúsnæði þar sem er rekin ýmis atvinnustarfsemi svo sem sorpstöð, bílaleiga, verkstæði og steypustöð.

FORSENDUR

Skipulagssvæðið er skilgreint sem athafnasvæði í Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 (m.s.br.). Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er athafnasvæði svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem litil hætta er á mengun, svo sem verkstæði, bílasölur, heildverslanir, vörugymslur og matvælaíðnaður.

Stefna sveitarfélagsins er að styðja við framþróun og eflingu atvinnulífs í sveitarfélaginu. Megin áhersla er lögð á að athafnastarfsemi byggist upp fjær íbúðarsvæðum og verði tengd með góðu aðgengi fyrir gangandi, hjólandi og akandi umferð.

Á hluta skipulagssvæðisins er í gildi deiliskipulag Stórhólts og Háholts sem samþykkt var í sveitarstjórn Þórshafnarhrepps þann 31. maí 2005 og auglýsing þess efnis birt í B-deild Stjórnartíðinda 20. júlí 2005. Það fellur úr gildi með gildistöku á þessari tillögu deiliskipulags. Þó verða efnistöku skipulagsins frá 2005 höfð til hliðsjónar.

Annað deiliskipulag hefur verið unnið á svæðinu. Það er deiliskipulag athafnasvæðis við Langholt sem var samþykkt í sveitarstjórn 13. nóvember 2014. Auglýsing um gildistöku skipulagsins var ekki birt í B-deild og óðlaðist skipulagið því aldrei gildi.

ÁHRIFAMAT

Enginn minjastaður er þekktur innan skipulagssvæðis. Þó er þekktur á nærliggjandi svæði minjastaðurinn Þórðarþúfa (nr. 12) sem er hóll sem talinn er vera álagablettur. Ef fornminjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Ekki verða skilgreindar heimildir til framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhugað skipulag fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætлана.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing þessi verður auglýst með dreifibréfi, hún verður aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu þess www.langanesbyggd.is. Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga mun koma fram í auglýsingu. Leitað verður umsagna til Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Eystra og Minjastofnunar Íslands.

Óskað er eftir ábendingum um efni skipulagslýsingarinnar og fyrirhugað deiliskipulag frá almenningi, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar "Athafnasvæði á Þórshöfn - deiliskipulag" og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

Langanesbyggð, skipulag
Fjarðarvegi 3, 680 Þórshöfn
eða á netfangið skipulag@langanesbyggd.is

Í framhaldi verður unnin deiliskipulagstillaga sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Þá verður fullunnin tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafrest. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær til tilefni til meiriháttar breytinga á tillögnum skal auglýsa hana að nýju annars gengur skipulagsnefnd frá tillögnum til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykkt tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

- Lýsing auglýst, desember 2018, a.m.k. 3 vikna athugasemdafrestur.
- Drög að deiliskipulagi kynnt á íbúafundi, febrúar 2019.
- Tillaga auglýst í mars 2019, 6 vikna athugasemdafrestur.
- Stefnt að gildistöku skipulagsins í maí 2019.

TEIKNISTOFA
NORÐURLANDS

Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is



ATHAFNASVÆÐI Á ÞÓRSHÖFN DEILISKIPULAG

SKIPULAGSLÝSING

KVARÐI A3 1:2.000

DAGS. 26. nóvember 2018

HANNAÐ: ABÓ, AKG
TEIKNAD: AKG

VERKNR. DA1801

TEIKN nr.

Br.